



ÞINGMANNATILLAGA

A 1867/tillvæxt

Flytjandi Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um stuðning Norðurlanda við íblöndun 5% lífeldsneytis í flugvélaeldsneyti

Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún setji fram sameiginlega kröfu Norðurlanda um íblöndun 5% lífeldsneytis í allt flugvélaeldsneyti sem notað er í innanlandsflugi og flugi milli Norðurlandanna frá og með árinu 2025, þar sem notast verði við norrænt hráefni.

Bakgrunnur

Parísarsamkomulag SP og Græni sáttmáli Evrópusambandsins gera ráð fyrir að dregið verði úr hlýnun af mannavöldum og losun koltvísýrings um minnst 50% fyrir árið 2030.

Öll Norðurlöndin hafa metnaðarfull loftslagsmarkmið og áætlanir fram til ársins 2030. Það á jafnt við um svonefndar kvótaskyldar atvinnugreinar, sem flugferðir heyra undir, og greinar sem falla ekki undir kvóta.

Til þess að ná markmiðunum er mikilvægt að grípa til aðgerða á öllum sviðum og draga úr losun eins skjótt og kostur er – og ekki bíða síðustu árána fram til ársins 2030.

Noregur var fyrsta landið í heiminum sem gerði kröfu um íblöndun lífeldsneytis í flugvélaeldsneyti, með kröfu um 0,5 prósent. Bæði Svíþjóð og Finnland hafa í dag markmið um að ná árið 2030 íblöndun lífeldsneytis í flugvélaeldsneyti sem nemur 30%. Ætlunin er að Helsinki-flugvöllur (Vanda) gegni forystuhlutverki við dreifingu flugvélaeldsneytis með lífeldsneyti. Ísland samþykkti einnig flugstefnu árið 2020 og er að skoða tækifæri til nýsköpunar varðandi eldsneyti á sviði flugrekstrar. En, löndin standa frammi fyrir áskorun þar sem aukin íblöndun lífeldsneytis í flugvélaeldsneyti felur einnig í sér aukinn kostnað við flugsamgöngur. Samkvæmt útreikningum finnska samgöngumálaráðuneytisins (2014) þá yrði ferð frá Helsinki til Frankfurt 70 evrum dýrari með 100% íblöndun lífeldsneytis. Þar sem losunarheimildir halda einnig áfram að hækka í verði felur kostnaðarhækkunin í sér að verðið verður ekki lengur samkeppnishæft. Finnska ríkisstjórnin ásamt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eru að kanna möguleikann á niðurgreiðslum vegna aukinnar íblöndunar lífeldsneytis í

flugvélaeldsneyti.

Norðurlandaráð og Norðurlöndin stefna að því að verða sjálfbærasta og samkeppnishæfasta svæði í Evrópu árið 2030. Með því að fjárfesta í aukinni íblöndun lífeldsneytis í flugvélaeldsneyti með innviðum og dreifingu milli landanna, þá geta löndin dregið úr kostnaði við íblöndun lífeldsneytis í flugvélaeldsneyti þegar fram í sækir. Norðurlöndin geta skapað sameiginlegan markað fyrir þessa nýjung.

Við erum þegar í fararbroddi í Evrópu varðandi nýtingu endurnýjanlegrar orku. Við erum einnig stór framleiðandi háþróaðs lífeldsneytis og flugvélaeldsneytis með íblönduðu lífeldsneyti. Framleiðendurnir segjast geta framleitt meira. Og loftslagið krefst þess að við drögum meira úr losun. En vinnsla lífeldsneytis á Norðurlöndum má ekki ógna líffræðilegri fjölbreytni.

Sameiginleg norræn krafa um íblöndun 5% lífeldsneytis í flugvélaeldsneyti getur orðið til hagsbóta fyrir jafnt farþega sem atvinnulíf og loftslagið. Og fyrir Norðurlöndin. Á kortinu.

Fjarfundur 25. janúar 2021

Anders Eriksson (ÅF)
Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)
Arman Teimouri (L)
Bertel Haarder (V)
Edmund Joensen (sb)
Erling Bonnesen (V)
Heidi Greni (Sp)
Inga Sæland (Flf)
Janine Alm Ericsson (MP)
Jaspar Langgaard (sb)
Joakim Strand (sv)

Jouni Ovaska (cent)
Ketil Kjenseth (V)
Kjell-Arne Ottosson (KD)
Linda Modig (C)
Magnus Ek (C)
Mikko Kinnunen (cent)
Mikko Kärnä (cent)
Ole André Myhrvold (Sp)
Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)
Simon Holmström (HI)
Torhild Bransdal (KrF)